

## AUGLÝSING

### um breytingu á starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar (FES), Vestmannaeyjum, nr. 545/1986.

1. gr.

Í stað 1. janúar 1987 í 4. gr. 1. og 4. tl. komi 1. janúar 1988.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 496

9. nóvember 1987

## GJALDSKRÁ

### fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skoðun farandvinnuvéla, lyftna og annarra tækja sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 456,00.

Þó frumskoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðast kr. 1 440,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 490,00.

## 4. gr.

Fyrir gasmælingu olúgeyma í skipum greiðast kr. 790,00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 480,00 fyrir hvern geymi þar á eftir. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2m<sup>3</sup> að rúmmáli eða með minni þrýstingi en 2 kg/cm<sup>2</sup> greiðast kr. 780,00, en fyrir stærri katla kr. 995,00.

Fyrir átaksprófanir á talíum, krönnum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetubúnaðarins sem hér segir:

0 — 2 999 kg	kr. 1 225,00
3 000 — 10 000 kg	kr. 1 630,00
yfir 10 000 kg	kr. 2 410,00

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

## 5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

## 6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

Gjald vegna verklegar prófunar í notkun sprengiefna skal vera kr. 2 815,00.

Gjald fyrir verklega prófun tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara kr. 750,00. Fyrir próf á aðrar vélar kr. 1 200,00.

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera kr. 750,00.

## 7. gr.

Fyrir skírteini til stjórnunar farandvinnuvéla greiðast kr. 1 100,00.

Fyrir endurútgáfu slíkra skírteina og færslu nýrra réttinda greiðast kr. 550,00.

## 8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 84/1987.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1987.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## VIÐAUKI 1.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og gjaldeiningar hvers flokks.

Flokkur	Tækjaheiti	Gjaldeiningar
AB	Byggingakranar .....	13.2
AH	Hafnarkranar .....	13.2
AI	Iðnaðarkranar .....	13.2
BB	Grindarbómukranar á beltum .....	15.2
BD	Dragskóflur .....	13.2
BG	Grindarbómukranar á hjólum .....	15.2
BS	Vökvakranar með skotbómu .....	15.2
CB	Brúkranar .....	6.6
CH	Brúkranar með stjórnhúsi .....	7.6
DK	Körfukranar .....	7.6
DS	Stepudælukranar .....	7.6
EB	Gröfur á beltum .....	7
EH	Gröfur á hjólum .....	7
EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð .....	7
FB	Beltaskóflur .....	7
FH	Hjólaskóflur .....	7
GB	Jarðýtur á beltum .....	7
GH	Jarðýtur á hjólum .....	6
HV	Vegheflar .....	7
IA	Dráttartæki .....	4
ID	Dráttarvél með tækjabúnaði .....	6
IF	Flutningatæki .....	5
JL	Lyftarar < 10 tonna lyftigeta .....	3.5
KG	Lyftarar > 10 tonna lyftigeta .....	6
MM	Malbikunarvélar .....	4
LD	Valtarar dregnir af dráttarv. ....	5
LS	Valtarar, sjálfkeyrandi .....	5
RB	Borvagnar .....	5
RM	Jarðborar — minni gerð .....	5
RS	Jarðborar — stærri gerð .....	15.2
SM	Mölunar- og hörpunarsamstæður .....	6
VH	Körfur til hífingar á fólki .....	2.5
VK	Körfur til að lyfta fólki með lyftara .....	2.5
VL	Lyftiverkpallar .....	8.6
VP	Hengiverkpallar .....	8.6
NF	Fólkslyftur .....	7.6
NG	Fólks- og vörulyftur .....	7.6
NV	Vörulyftur .....	6.6
NM	Matarlyftur .....	4.6
OB	Togbrautir fyrir skíðafólk .....	9.7
OS	Stólalyftur fyrir skíðafólk .....	33.4
OT	Toglyftur fyrir skíðafólk .....	14.7